

Lífeyrissjóður Rangæinga

Suðurlandsvegi 3, 850 Hella

Ársfundur 2023 v. 2022

Fundargerð

Fundarstaður : Stracta Hótel, Helli.

Fundartími : Þriðjudagur 9. maí 2023, kl. 20:00

Margrét Jóna Ísólfsdóttir, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn formlega. Bar upp tillögu þess efnis að hún sjálf, tæki að sér að stjórna fundinum og að Unnur Elín Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Mætt: Margrét Ísólfsdóttir formaður stjórnar, Guðmundur Svavarsson stjórnarmaður, Heimir Hafsteinsson stjórnarmaður, Pétur Magnússon stjórnarmaður, Þröstur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Guðrún Elín Pálsdóttir, Kristján Pálmason, Ástþór Jón Ragnheiðarson, Már Guðnason, Þórunn Dís Þórunnardóttir, Jóhann Óskar Haraldsson endurskoðandi, Ólafur Örn Jónsson, Halldór Grétarsson og Unnur Elín Jónsdóttir. Arnar Sigurmundsson tók þátt í fundinum í gegnum Teams.

Gengið til dagskrár. Margrét Jóna stýrði fundi.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar.

Lífeyrissjóður Rangæinga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Hrein eign sjóðsins í árslok 2022 til greiðslu lífeyris nam tæplega 18,4 milljörðum kr. og lækkaði frá fyrra ári um 594 milljónir kr. eða um 3,1%. Fjöldi sjóðfélaga með réttindi í árslok 2022 var 12.082. Alls greiddu að meðaltali 1.152 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu en var að meðaltali 1.051 árið 2021. Iðgjöld á árinu 2022 námu alls um 1.072,7 millj.kr. og hækkuðu um 24,2% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins námu um 421,7 millj.kr., sem er 11,7% aukning frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 874 árinu en voru 857 árið 2021.

Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2022 var -14,45% samanborið við 8,06% raunávöxtun 2021 og miðað við samræmda matsaðferð. Eignir sjóðsins í erlendri mynt hafa aukist nokkuð á undanförunum árum og eru nú 28,97% af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haldið sig við áður markaða stefnu að auka vægi erlendra eigna í sínu eignasafni með jöfnum skrefum.

Innri endurskoðun Arion banka hefur tekið út starfsemi sjóðsins á árinu 2022 og er niðurstaðan sú að innra eftirliti sjóðsins er gott í meginatriðum varðandi þá þætti sem komu til skoðunar. Engar athugasemdir komu fram.

Tryggingafræðileg úttekt fyrir árið 2022 liggur fyrir. Miðað er við nýjar dánar- og eftirlifendatöflur sem gefnar eru út af Fjármála- og efnahagsráðherra að fengnu álitu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Ljóst er að hækkandi lífaldur sjóðfélaga hefur í för með sér að greiða þarf lífeyri í lengri tíma en áður var gert ráð fyrir, lífeyrisskuldbinding er því vaxandi miðað við þessar nýju forsendur. Nú um síðustu áramót tóku gildi nýjar réttindatöflur sem hafa í för með sér að áætluð framtíðarréttindi eru nokkuð í jafnvægi. Niðurstaða úttektarinnar er að skuldbindingar sjóðsins eru hærri en heildareignir sem nemur 4,2%, staðan er þó heldur betri nú en á árinu 2021.

Árið 2022 var almennt mjög vont fyrir sjóðinn þegar horft er til ávöxtunar eigna. Enginn eignaflokkur stóð upp úr, sem er nýmæli í sögu sjóðsins. Það sem er jákvætt á liðnu rekstrarári er fjölgun sjóðfélaga og hærri iðgjöld sem ber þess merki að mikið líf er á vinnumarkaði hér á félagssvæði sjóðsins. Það er því ástæða til bjartsýni hvað það varðar.

Almenn starfsemi sjóðsins hefur gengið vel. Stjórnin fundaði alls 11 sinnum á árinu og fulltrúaráð sjóðsins 2 sinnum. Þjónusta við viðskiptavinum sjóðsins hefur gengið vel á tímabilinu og verið með hefðbundnu sniði.

2. Kynning og afgangsla ársreiknings

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram ársreikning ársins 2022 og Jóhann Óskar Haraldsson frá Deloitte kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu niðurstöður.

Helstu niðurstöður eru í þús. Kr. :

Iðgjöld	1.072.720
Lífeyrir	421.702
Hreinar fjárfestingartekjur	(1.174.256)
Rekstrarkostnaður	70.577
Breyting á hreinni eign á árinu	(593.815)
Hrein eign frá fyrra ári	18.949.790
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	18.355.975

Jóhann Óskar Haraldsson kynnti ársreikning 2022 og skýrslu endurskoðanda, hrein raunávöxtun lækkar á milli ára og er um -14,45% á árinu 2022 samanborið við 8,06% árið áður. Skýrist þetta fyrst og fremst af slæmriávöxtun hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum. Lækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris á árinu er um 594 millj. kr. og í árslok 2022 er hrein eign til greiðslu lífeyris 18.356 millj. kr. Raunlækkun hreinnar eignar á árinu er -12,47% og lækkar milli ára um 21,88% sem sem skýrist að mestu af verriávöxtun fjárfestinga á árinu.

Iðgjaldaliðir hækkuðu um 209,2 milljónir kr. milli ára eða um 24,2%. Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga var 1152, og fjölgaði um 101 eða 9,6% sem hefur áhrif á hækkun iðgjalda. Einnig hefur áhrif að launavísitala hækkaði á milli ára.

Lífeyrir og tengdir liðir hækka um 44,2 milljónir. kr. eða um 11,7% milli ára. Meðalfjöldi virkra lífeyrisþega var 874 á árinu 2022 samanborið við 857 lífeyrisþega á árinu 2020 sem er 2% fjölgun. Liðurinn hækkar í takt við fjölda lífeyrisþega þegar tekið er tillit til hærri launavísitölu.

Fjárfestingartekjur lækka um 3.435 milljón kr. milli ára eða um 149,7%. Munar þar mest um gengismun vegna slæmrarávöxtunar á verðbréfamörkuðum. Fjárfestingagjöld hækka um 1,2% á milli ára. Stærsti hluti fjárfestingagjalda er umsýsluþóknun sem sjóðurinn greiðir til Arion banka en 40% af umsýsluþóknun er færð meðal fjárfestingagjalda, önnur fjárfestingagjöld eru óveruleg. Rekstrarkostnaður hækkar á milli ára um 4,6 milljónir eða 7%. 60% af umsýsluþóknun sem greidd er til Arion banka er flokkuð meðal rekstrarkostnaðar. Hækkunina má einnig rekja til hærri kostnaður vegna launa stjórnarmanna og þóknana til tryggingastærðfræðings.

Eignarhlutar í félögum og sjóðum lækkuðu um 90,4 m. kr. á milli ára eða um 1,1%. Mesta hækkunin var í erlendum hlutdeildarskírteinum sem lækkuðu um 121,7 m. kr. milli ára. Skuldabréfaeign sjóðsins lækkar um 359,7 milljónir milli ára eða 3,6%. Stærstu breytingarnar eru í ríkisbréfum sem lækka um 171,6 milljónir króna milli ára. Bankainnstæður sem eru flokkaðar meðal fjárfestinga lækka um 25,6 milljónir á milli ára eða 9,5%. Handbært fé breytist mikið milli ára eftir innlaun eigna og þeim fjárfestingarkostum sem standa sjóðnum til boða hverju sinni. Ráðstöfunarfé til fjárfestinga jókst minna en fjárfestingar ársins og sökum þess lækkar handbært fé sjóðsins. Breytinguna á inngreiðslum má einkum rekja til fjölgunar sjóðfélaga. Breytinguna á útgreiðslu má rekja meðal annars til fjölgunar lífeyrisþega og hækkunar á umsýslukostnaði.

Varðandi fjárfestingahreyfingar þá hefur sjóðurinn verið að fjárfesta meira á árinu en hann hefur selt. Keypt var fyrir 3,3 milljarð króna en selt fyrir 2 milljarða króna. Þegar tekið hefur verið tillit til afborgana og vaxta skuldabréfa og inngreiddra tekna eignarhluta þá eru útgreiðslur vegna fjárfestinga um 766 milljónir. Þar sem fjárfestingar-hreyfingar ársins eru hærri en ráðstöfunarfé til fjárfestinga á árinu skilar það sér í lækkun á handbæru fé í árslok.

Már spyr, nú hefur staðan versnað, 14,5% raunávöxtun. Umsýsluþóknun til Arion banka, er ákveðin prósentu af heildar eignum, er það eðlilegt að þegar að mikið tap er á sjóðnum er ekkert að bitna á Arion banka? Þröstur sagði að samkvæmt samningi þá er greidd þóknun, sem er nú 0.38%, af meðalstöðu heildareigna. Heildareignir hafa lækkað á árinu og þóknun helst í hendur við þá lækkun.

Guðmundur Svavarsson sagði frá því að endursamið var við bankann og talsvert tekist á, þóknunin lækkar eftir því sem sjóðurinn verði stærri. Töluverð breyting á samningi. Ánægður að heyra það sagði Már.

Engar fleiri spurningar komu fram eða athugasemdir gerðar við þennan lið.

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Rangæinga var borinn upp og samþykktur samhljóða.

Ávöxtun og þróun markaða 2021

Ólafur Örn Jónsson fór yfir þróun markaða á árinu 2022 samanborið við 2021. Árið 2022 erfitt á öllum eignarmörkuðum. Ólafur fór yfir ávöxtun 2022, nafnávöxtun -6,5% og raunávöxtun -14,5%. Meðalávöxtun sl. 26 ár var 3,1%. Ólafur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, fjárfestingastefna sjóðsins er enn tiltölulega varfærin. Ólafur fór yfir stærstu eignir sjóðsins og sundurliðun á innlendum hlutabréfum og skuldabréfum.

Ólafur fór yfir markaðinn það sem af var ári 2023. Árið fer betur af stað en það síðara, 0,3% raunávöxtun frá áramótum.

Már spyr ertu sáttur við fjárfestingarstefnu sjóðsins? Ólafur sagði að stefnan væri varfærin með tiltölulega hátt hlutfall skuldabréfa en eins og markaðir hafi þróast á síðasta ári hafi skuldabréfum verið refsað ekki síður en hlutabréfum og því minni munur á ávöxtun varfærinna og áhættumeiri fjárfestingastefna en oftast er, þegar t.d. illa árar á hlutabréfamörkuðum. Hækkandi ávöxtunarkrafa skuldabréfa þýðir hinsvegar hærri vænta ávöxtun horft fram á við fyrir varfærnari fjárfestingastefnu eins og sjóðurinn er með.

Margrét Ísólfsdóttir sagði að það væri búið að stíga skref í áttina að áhættumeiri stefnu. Það var ljóst að með þessari stefnu, hefðum við ekki náð í 3,5% ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða. Verðbólgan bitur í þegar að hún er 9,9% og því erfitt um vik að ná í ásættanlega ávöxtun.

Már hver er staða okkar afkoma sjóðsins miðað við aðra sjóði? Halldór fór yfir ávöxtun sjóðanna saman borið við Lífeyrissjóð Rangæinga.

Ekki komu fram fleiri spurningar eftir kynningu og yfirferð Ólafs.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Rangæinga lagði fram úttekt Bjarna Guðmundssonar tryggingafræðings sjóðsins fyrir árið 2022. Fór yfir almennar forsendur tryggingafræðilegrar úttektar og forsendur útreiknings og niðurstöður ársins fyrir sjóðinn.

Gert er ráð fyrir að lífslíkur sjóðfélaga og réttihafa hafi árið 2016 farið eftir þeim lífslíkum sem notaðar voru við tryggingafræðilega athugun síðasta ár:

Lífslíkur sjóðfélaga: samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2014-2018 Lífs líkur réttihafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2014-2018. Eftir 2016 muni lífslíkur breytast í samræmi við reiknilíkan FÍT. Líkanið var fyrst notað við tryggingafræðilega athugun ársins 2021 og olli töluverðri hækkun á mati skuldbindinga og halla á framtíðarréttindaöflun.

Örorkulíkur sjóðfélaga: Miðað við reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2011-2016, fyrir karla er notað 98% af meðaltali sjóðanna og fyrir konur 107%

Undir lok árs 2022 breytti stjórn sjóðsins ákvæðum um réttindaöflun til samræmis við þá breytingu á reikniforsendum sem áður er nefnd, þannig að jafnvægi náðist milli verðmætis iðgjalda og þeirra réttinda sem sjóðurinn veitir.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2022 kallast áfallnar skuldbindingar.

Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindingar að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum reiknast 37.566,6 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 39.222,6 milljónir. Eignir að frádregnum skuldbindingum reiknast því -1.656,0 milljónir, eða -4,2% af skuldbindingum.

Almenn ákvæði l. 129/1997 kveða á um að heimil séu 10% frávik fyrir stöðu á einstöku ári og 5% fyrir samfelldan mun í fimm ár. Staða sjóðsins er því innan þeirra marka sem áskilin eru í l. 129/1997.

Ekki komu fram fleiri spurningar eða umræður undir þessum lið.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Örn Jónsson sjóðstjóri gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Ólafur fór yfir hlutfall hvers eignaflokks og þróun síðustu ára. Ólafur gerði grein fyrir markmiðum um eignasamsetningu, stefnuna sem og lágmark og hámark.

Ekki komu fram frekari spurningar.

5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins

Þröstur lagði fram og fór yfir hluthafastefnu sjóðsins og benti á að hana væri að finna á heimasíðu sjóðsins. Um er að ræða óbreytta stefnu frá fyrra ári.

6. Gerð grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins

Þröstur lagði fram og gerði grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins, starfskjarastefna á bara við um stjórn sjóðsins og fulltrúa í nefndum. Enginn starfsmaður er starfandi hjá sjóðnum sjálfum.

Engar athugasemdir voru gerðar við þennan lið.

Starfskjarastefnan er samþykkt af öllum fundarmönnum.

7. Stjórnarkjör og kjör nefndar um laun stjórnarmanna, samkvæmt samþykktum

Stjórnarkjör, Þröstur fór yfir tilnefningar og kjör stjórnarmanna af hálfu aðildarfélaga.

Af hálfu SA liggur fyrir skipan á fulltrúum í stjórn sjóðsins.

Guðmundur Svavarsson er skipaður sem aðalmaður í stjórn til tveggja ára eða til ársfundar 2025. Fulltrúar atvinnurekenda á fundinum staðfesta þessa skipan.

Þess má geta að Margrét Ísólfisdóttir var skipuð sem aðalmaður í stjórn, af hálfu SA, á síðasta ársfundi til tveggja ára eða til ársfundar 2024.

Af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands liggur fyrir tillaga um að Ólafía B. Ásbjörnsdóttir verði kjörin aðalfulltrúi í stjórn sjóðsins til ársfundar 2025. Ekki komu fram aðrar tillögur. Fulltrúar verkalýðsfélaganna samþykktu þessa tillögu samhljóða.

Sömuleiðis liggur fyrir tillaga um að Ástþór Jón Ragnheiðarson verði kjörinn varamaður í stjórn til tveggja ára eða til ársfundar 2025. Ekki komu fram aðrar tillögur. Fulltrúar verkalýðfélaganna samþykktu þessa tillögu samhljóða.

Heimir Hafsteinsson var kjörinn sem aðalmaður í stjórn, á síðasta ársfundi, og þá til tveggja ára eða til ársfundar 2024.

Launanefnd næsta starfsár.

Af hálfu SA er lagt til að Óskar Pálsson og Eydís Þorbjörg Indriðadóttir verði skipuð í launanefnd. Tillagan er samþykkt af hálfu fulltrúa SA á fundinum.

Af hálfu VlfS er lagt til að Guðrún Elín Pálsdóttir verði kjörin í launanefnd sjóðsins.

Tillaga er samþykkt af hálfu fulltrúa verkalýðsfélaganna.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Þróstur fór yfir þær tillögur sem liggja fyrir.

Tillögurnar voru staðfestar af fulltrúaráði á fundi þann 17. apríl 2023 og hafa legið frammi til kynningar fyrir sjóðfélaga á heimasíðu og skrifstofu sjóðsins.

Grænritað er nýtt texti. Rauðlitaður og yfirstrikaður texti fellur út.

Eftirfarandi breytingar á samþykktum eru lagðar til nú :

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjald til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægra en ~~12%~~15,5% af launatekjum sjóðfélaga 16 til 70 ára, sem tilgreind eru í greinum 9.2. eða 9.3., og myndar það rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreign iðgjaldi af iðgjaldsstofni umfram 12% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreignardeild, enda sé gert ráð fyrir slíku í kjara- eða ráðningarsamningi. Hámark iðgjaldshlutfalls sem greitt verður af til samtryggingardeildar lífeyrissjóðsins skal vera jafnhátt því sem hæst er um samið í kjarasamningi aðildarsamtaka sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka eða lækka iðgjald til samtryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um innan ofangreindra marka enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldsdagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda skilagrein með iðgjaldinu þar sem m.a. koma fram iðgjalds-hlutföll og iðgjöld hvers aðila samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi ásamt því iðgjaldshlutfalli og iðgjaldi sem skal renna til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilagreinarinnar. Liggja ekki annað fyrir skal við innheimtu iðgjalds miðað við að iðgjaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er, þó að lágmarki 11,5%8%.
- 9.7. Tvisvar á ári, skal senda sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskráðu, skal viðkomandi án tafar gera sjóðnum viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Jafnframt skal lífeyrissjóðurinn veita nýjum sjóðfélögum upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum og upplýsingum samkvæmt þessari grein með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því. Þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist, en við rafræna birtingu upplýsinga sem teljast almenns eðlis þarf þó ekki að krefjast rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga. Slíkar upplýsingar verða almennt að finna á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélaga er þó ávallt frjálst að óska eftir því að fá ofangreind gögn og upplýsingar á pappírformi sér að kostnaðarlausu.
- 9.9. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvörin til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt gr. 9.7. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á

áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilgreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil, ekki tilkynnt um að hann hafi hætt starfsemi eða að launþegar sem greiða til lífeyrissjóðsins hafi látið af störfum. **Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.8.**

12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.4.7 vera hærrí en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagans síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið reiknaðar til úrskurðardags, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga, er fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyrir fyrir 1. janúar 2006, sbr. einnig a) lið gr. 12.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjur taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neyslúverðs. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal jafnframt greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélagi megi vera ljóst við hvaða mörk lækun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

12.5. Þegar skilyrði gr. 12.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt grein 12.6. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.

14. Barnalífeyrir.

14.1.1. Nú andast sjóðfélagi og eiga þá börn hans og kjörbörn yngri en 18 ára rétt til barnalífeyris úr sjóðnum eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni:

- greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátið eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða
- notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að taka mið af efnisreglu greinar 12.2. að breyttu breytanda.

14.1.2. Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

- 14.1.3. Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. gr. 14.1.1 greitt iðgjald að meðaltali af mjög lágum iðgjaldsstofni, kr. 50.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyri hlutfallslega þar til hann falli niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun. Með sama hætti skal lækka barnalífeyri hlutfallslega með börnum elli- eða örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé elli- eða örorkulífeyrir foreldris minni en kr. 10.000 á mánuði.
- 14.1.4. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2.5 Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 5.500 á mánuði. Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 7.500 á mánuði. Fjárhæðir þessar skulu breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 14.3.6 Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða. Við ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk skv. þessum kafla miðast við útgáfudag gildandi vilýrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingar-leyfis.
- 14.4.7 Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns til 18 ára aldurs barnsins.

15. Tilgreind séreign

- 15.1 Í samræmi við kjarasamning þá er sjóðfélagi heimilt að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreign iðgjald af iðgjaldsstofni umfram 12% af iðgjaldsstofni í tilgreinda séreignardeild. Samkvæmt gr. 3.5 í samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997 um lífeyrissjóði þá er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðila sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga um rekstur tilgreindrar séreignardeildar.
- 15.5 Sjóðfélagi er heimilt að hefja úttekt úr tilgreindri séreign þegar sjóðfélagi hefur náð 62 ára aldri og skulu útgreiðslur dreifast á jafnar mánaðarlegar greiðslur frá því að sjóðfélagi óskar eftir að fá tilgreinda séreign greidda úr og þar til sjóðfélaginn nær 67 ára aldri. Þegar sjóðfélagi nær 67 ára aldri er heimilt að greiða tilgreinda séreign út í einni greiðslu, nema sjóðfélagi óski annars. frá 62 ára aldri og skulu greiðslur þá dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir 500.000 kr. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 19.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, ~~í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi.~~ Ellilífeyri greiðist eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við

réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist frá upphafi næsta mánaðar eftir að umsókn berst sjóðnum. (Ákvæði lokamálsliðar þessarar greinar tuki gildi þann 1. janúar 2007.)

Ekki komu fram spurningar varðandi tillögur um breytingu á samþykktum sjóðsins. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarmanna um að bera upp tillögurnar í heilu lagi. Engar athugasemdir komu fram.

Tillögurnar um breytingar á samþykktum sjóðsins voru bornar upp og samþykktar með megin þorra atkvæða, enginn greiddi atkvæði á móti.

9. Laun stjórnarmanna

Þróstur kynnti fyrirleggjandi tillögu frá launanefnd sjóðsins. Lagt er til að laun hækki um 9,5% fyrir næsta starfsár. Tillaga launanefndar um laun stjórnar LR, fyrir tímabilið júní 2023 til og með maí 2024, er því eins og kemur fram hér að neðan :

Laun stjórnarmanna

Almenn stjórnarlaun verði kr. **120.567** kr. á mánuði (hækkun um 9,5%).

Varaformaður (ritari) er með 25% álag og laun verði því kr. **150.709,-** á mánuði.

Formaður stjórnar er með 50% álag og laun verði því kr. **180.851,-** á mánuði.

Varamaður stjórnar fær kr. **60.284,-** fyrir hvern setinn fund. Árslaun varamanna skulu þó að lágmarki vera samsvarandi 1 x mánaðarlaunum almenns stjórnarmanns.

Að auki skal greiða allan útlagðann kostnað s.s. vegna aksturs á stjórnarfundi eða aðra þá fundi sem stjórnarmenn þurfa að sækja.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Þróstur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynnti tillögu stjórnar. Að fengnu álitni endurskoðunarnefndar sjóðsins, er það tillaga stjórnar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggildur endurskoðandi hjá Deloitte ehf., verði kjörinn endurskoðandi sjóðsins árið 2023.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan borin upp.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

Arnar Sigurmundsson kvaddi sér hljóðs, hefur mætt á marga ársfundi lífeyrissjóða nú á þessu vori. Er ánægður með að Lífeyrissjóður Rangæinga hefur verið að fikra sig meira í erlend skuldabréf og hlutabréf í litlum skrefum. Hann skoðaði 7 lífeyrissjóði sérstaklega nú. Lífeyrissjóður Rangæinga á sér þá sérstöðu að lífeyrisbyrði er lægst, því meðalaldurinn er lægstur og innflæði vaxandi. Ávöxtun verið lakari, tryggingafræðileg staða er svipuð þ.e. neikvæð í kringum 4-5%, 2 tryggingafræðingar sem sjá um útreikning og aðferðir ólíkar að hluta til. Þakkar fyrir fínan fund.

Arnari voru sömuleiðis þökkuð góð orð og sína aðkomu að fundinum.

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til handa fundarstjóra og ritara að fá að ganga frá fundargerðinni eftir á og senda út þegar hún er tilbúin. Fundargerðin verður einnig birt og vistuð á heimasíðu sjóðsins.

Fundurinn gaf starfsmönnum fundarins heimild til að ganga frá fundargerðinni.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi formlega kl. 21:17.

Fundarstjóri: Margrét Jóna Ísólfssdóttir

Fundarritari: Unnur Elín Jónsdóttir